

Það er leikur að læra

Þýskt lag/Texti Guðjón Guðjónsson

Það er leikur að læra,
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira,
meira' í dag en í gær.
Bjallan hringir. Við höldum
heim úr skólanum glöð,
prúð og frjálsleg í fasi.
Fram nú. Allir í röð.

